



Reykjavík, 3. október 2025
SFS22020011

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð
Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs
Ólöf Örvarsdóttir, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra vegna Vörðuskóla

Sviðsstjórar skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs leggja til að farið verði í undirbúningsvinnu fyrir húsnæði Vörðuskóla og það verði endurgert og hannað þannig að hægt sé að reka sjálfstætt skóla- og frístundastarf. Jafnframt er lagt til að nýta húsnæði Vörðuskóla, þegar það er tilbúið, fyrir skóla- og frístundastarfsemi sem er í húsnæði sem þarf að fara í stórar viðhaldsframkvæmdir. Í undirbúningsvinnu leiddri af umhverfis- og skipulagssviði verður lagt mat á kostnað og leitað fjárheimildar hjá borgarráði.

Greinargerð:

Forsaga

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 29. október 2020 að festa kaup á Vörðuskóla á Skólavörðuholti og fól skóla- og frístundasviði að gera tillögu að safnskóla á unglingsstigi í samráði við samliggjandi skólahverfi. Með hliðsjón af spám um þróun nemendafjölda til skemmri og lengri tíma og framtíðarsýn um spennandi skóla- og frístundastarf í anda nýrrar menntastefnu „Látum draumana rætast“, var samþykkt að setja af stað starfshóp til að rýna nemendapróun í þremur skólahverfum. Hópnum, sem skipaður var í febrúar 2021, var ætlað að meta og útfæra tillögur um framkvæmd grunnskóla- og frístundastarfs í Austurbæjarskóla, Háteigsskóla, Hlíðaskóla og Vörðuskóla í ljósi aukningar nemendafjölda sem orðið hefur á einstökum starfsstöðvum á undanförunum árum.

Starfshópurinn skilaði skýrslu sem var lögð fyrir borgarráð 4. nóvember 2021 og skóla- og frístundaráð 9. nóvember 2021. Í skýrslunni var niðurstaða starfshópsins að fimm sviðsmyndir væru vænlegastar til nánari rýni. Rafrænn kynningafundur var haldinn fyrir hagaðila 2. desember 2021 og í framhaldi voru tillögur starfshópsins sendar til umsagnar hagaðila auk þess voru haldnar vinnusmiðjur með fulltrúum barna og unglinga í skólahverfunum. Niðurstöður umsagna hagaðila voru lagðar fram á fundi skóla- og frístundaráðs 5. desember 2022.

Áhættumat á greiningum sviðsmyndanna fimm var lagt fram í skóla- og frístundaráði 8. maí 2023. Ofangreind gögn eru fylgiskjöl með minnisblaði sem lagt er fram með tillögunni.



Reykjavík



Núverandi tillagnagerð

Í byrjun árs 2025 var sett af stað áframhaldandi vinna hjá starfshópnum, þ.e. stjórnendum skóla- og frístundastarfs af skrifstofu og frá þeim skólum og frístundamiðstöð sem um ræðir, sérfræðingar frá umhverfis og skipulagssviði, að auki hefur verið haft samráð við eignaskrifstofu og menningar- og íþróttasvið og er gerð grein fyrir henni í meðfylgjandi minnisblaði.

Vinnan var tvískipt. Í fyrri hluta vinnunnar voru gögn varðandi tölfræði og húsnæðismál yfirfarin og uppfærð eftir þörfum. Farið var yfir ýmsar breytingar sem hafa orðið frá því að verkefnið hófst og horft til aukinnar þekkingar og reynslu undanfarinna ára sem hefur myndast í stórum viðhaldsverkefnum og áhrifum þeirra á skóla- og frístundastarf.

Í seinni hluta vinnunnar voru gögnin metin. Í mars sl. var haldin vinnustofa þar sem var farið yfir nýtingu Vörðuskóla og hvert hans hlutverk á að vera. Þar var farið yfir helstu gögn málsins til að meta sviðsmyndir út frá orðnum breytingum og hvaða leið sé ákjósanlegast að fara. Ásamt sviðsmyndunum fimm sem lagðar voru fram í síðustu skýrslu var nýrri sviðsmynd, nefnd sviðsmynd 6, bætt við þegar upp kom sú staða að mögulega gæti húsnæði á Loftleiðareit á Reykjavíkurlugvelli nýst fyrir yngsta stig Hlíðarendahverfis.

Við rýni á gögnum varðandi stöðu húsnæðis er ljóst að fyrirliggjandi er mikil vinna við viðhald skóla- og frístundahúsnæðis í Reykjavík og brýnasta verkefnið á þessum tímapunkti er að huga að fyrirkomulagi skóla- og frístundastarfs einstakra eininga á meðan á þeirri vinnu stendur. Það er nauðsynlegt að Reykjavíkurborg hafi yfir að ráða húsnæði sem hægt er að nýta tímabundið á meðan að viðhaldi stendur. Niðurstaða skoðunar er að Vörðuskóli sé kjörinn í það hlutverk og á grundvelli þess væri mikilvægt að útbúa hann sem sjálfstæða skóla- og frístundaeiningu.

Í kjölfar vinnustofu kom á umræðustig svokölluð sviðsmynd 7 sem var talin vænlegust á núverandi tímapunkti. Það er að þegar Vörðuskóli hefur lokið hlutverki sínu sem varahúsnæði fyrir aðra skóla- og frístundastarfsemi væri ákjósanlegt að Austurbæjar- og Vörðuskóli verði samreknir þar sem það rýmar við „Viðmið um stærðir skóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva“, þar sem þeir eru staðsettir hlið við hlið. Unglingar úr Háteigsskóla gætu sótt starf í húsnæði Vörðuskóla/Austurbæjarskóla. Sú niðurstaða byggir á mati á samgöngum, stærðar húsnæðis Vörðuskóla og fjölda barna í hverfunum þremur. Endurgerð á Vörðuskóla og nýting hans fyrir skóla- og frístundahúsnæði sem þarfnast brýns viðhalds mun taka nokkur ár og því ekki tímabært að leggja fram tillögu um framtíðarsviðsmynd fyrir nýtingu Vörðuskóla. Því er lagt til að tölfræðigögn verði uppfærð og mögulegar sviðsmyndir verði yfirfarnar á síðari stigum.

Samantekt

Eftir skoðun á tillögum fyrri starfshóps, yfirferð og uppfærslu gagna var lagt til að:

1. Klára endurgerð Vörðuskóla þannig að hægt sé að reka sjálfstætt skóla- og frístundastarf.
2. Nýta húsnæði Vörðuskóla, þegar það er tilbúið, fyrir skóla- og frístundastarfsemi sem er í húsnæði sem þarf að fara í stórar viðhaldsframkvæmdir.
3. Þegar styttest í að Vörðuskóli verði ekki lengur nýttur sem viðhaldshúsnæði verði mögulegar sviðsmyndir skóla- og frístundastarfs hverfanna yfirfarnar.



4. Skoða mögulegar skólahverfabreytingar til að létta á nemendafjölda Háteigsskóla, t.d. með að stækka skólahverfi Austurbæjarskóla.
5. Finna lausnir til skemmri og lengri tíma, eftir því sem við á, á húsnæðisvanda vegna þrengsla í skóla- og frístundastarfi Háteigs- og Hlíðaskóla.

Nú er lögð fram tillaga varðandi liði 1 og 2.

Hvað liði 3 og 4 varðar koma þeir til nánari skoðunar síðar og þá verða lagðar fram tillögur þar að lútandi.

Ljóst er að brýnt er að vinna að lið 5, þ.e. úrlausn húsnæðisvanda vegna þrengsla í Háteigs- og Hlíðaskóla. Lausnir til bæði skemmri og lengri tíma eru í vinnslu og tillögur þar að lútandi verða kynntar eða lagðar fram til afgreiðslu eftir atvikum.

Í undirbúningsvinnu leiddri af umhverfis- og skipulagssviði verður lagt mat á kostnað og leitað fjárheimildar hjá borgarráði.

Vísað er til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs, dags. **3. október** 2025 sem er meðfylgjandi þessari tillögu þar sem gerð er ítarlegri grein fyrir málinu.

